

til laga um framlenging og breyting á lögum nr. 16, 16. sept. 1915, um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum íslenskum afurðum.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

Lög nr. 16, 16. sept. 1915, um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum íslenskum afurðum, skulu vera í gildi til 1. júlí 1918, þó með þeirri breytingu, að í stað 3. greinar nefndra laga komi 2. gr. þessara laga.

2. gr.

Bráðabirgða verðhækkunartollurinn hvílir á allskonar fiski, lýsi, smjöri, saltkjöti, kindargærum, selskinnum, hestum og sauðfje á fæli, og einungis á þeim hluta söluverðsins, samkvæmt 2. gr. laga nr. 16, 16. sept. 1915, sem fer fram yfir það verð, er nú skal greina:

1.	Á hverjum 160 kg. af fullverkuðum þorski	kr. 125.00
2.	» » 160 » » » smáfiski	— 111.00
3.	» » 160 » » fullverkaðri ýsu	— 96.00
4.	» » 160 » » » löngu	— 121.00
5.	» » 160 » » » keilu	— 84.00
6.	» » 160 » » fullverkuðum upsa... ..	— 68.00
7.	» » 160 » » » Labradorfiski	— 78.00
8.	» » 160 » » » harðfiski	— 115.00
9.	» » 160 » » » blautfiski í is eða frysti ...	— 32.00
10.	» fiski upp úr salti telst gjaldfrjálst verð á hverri tegund 40% lægra en á fullverkuðum fiski sömu tegundar.	
11.	Á hverri tunnu (108—120 lítra) af sild... ..	— 22.00
12.	» » » (105 kg.) af meðalalýsi	— 70.00
13.	» » » (105 ») » öðru lýsi	— 30.00
14.	» » » (112 ») » saltkjöti	— 103.00
15.	» hverju kg. af smjöri	— 2.00
16.	» » » » sauðargærum (miðað við þyngd á þeim ósöltuðum og óhertum)	— 1.00

17. Á hverju selskinni..	kr.	5.00
18. » sauðkindum á fæti, hvert kg. í lifandi þyngd á...	—	0.40
19. » hverju hrossi	—	120.00

Verðhækkunartollurinn greiðist að eins af þeim íslenskum afurðum, sem framleiddar eru fyrir 1. jan. 1918.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 16. september 1917.

A t h u g a s e m d i r .

Þar sem fyrirsjáanlegt er að mestur hluti af íslenskum afurðum þeim, er framleiddar eru á þessu ári, eigi verður fluttur út áður en lög nr. 16, 16. sept. 1915, um verðhækkunartoll á útfluttum íslenskum afurðum, falla úr gildi, og því enginn verðhækkunartollur greiddur af, sem Alþingi 1915 þó mun hafa búist við, álitur stjórnarráðið nauðsynlegt að nefnd lög verði framlengd að nokkru og þeim breytt á þann hátt, er frumvarpið til tekur, með því líka stjórnarráðið einnig verður að telja óhjákvæmilegt að tryggja landssjóði tekjur af þessum tolli.